



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um tímabundið aukið framlag vegna niðurgreiðslu daggæslu vegna barna hjá dagforeldrum – til afgreiðslu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. desember 2023 ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 5. desember 2023:

Lagt er til að foreldrar barna í daggæslu með lögheimili í Reykjavík sem náð höfðu 18 mánaða aldri þann 1. júlí 2023 geti sótt um til skóla- og frístundasviðs á þar til gerðu eyðublaði aukalegrar niðurgreiðslu daggæslu vegna tímabilsins frá 1. júlí til 31. desember 2023. Skilyrði aukinnar niðurgreiðslu til foreldra vegna daggæslu er að dagforeldri hafi á sama tímabili fengið niðurgreiðslu frá skóla- og frístundasviði vegna barnsins. Leggja þarf fram reikning og greiðslukvittun til dagforeldrisins frá því tímabili sem um ræðir. Aukin niðurgreiðsla miðar við það mánaðargjald sem foreldrar greiddu til dagforeldris á tímabilinu að frádregnu mánaðargjaldi sem sömu foreldrar hefðu greitt í leikskóla, miðað við sama dvalartíma og sömu afslætti ef það á við. Viðmiðunargjaldið byggir á gjaldskrá leikskóla eins og hún var birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar í sama mánuði. Í tillögum sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2024 er gert ráð fyrir að heildargreiðslu til dagforeldra fyrir börn 18 mánaða og eldri, verði sem samsvarar 190 þús. kr. og er það samanlögð greiðsla foreldra og niðurgreiðsla til dagforeldra frá Reykjavík. Miðað við 15. júní 2023 var gjald foreldra fyrir 8 tíma leikskólavöl í flokki 1 fyrir hjón og sambúðarfólk 31.157 kr. Lagt er til að aukin niðurgreiðsla til foreldra verði til samræmis við það að gjald foreldra hjá dagforeldrum hafi verið að hámarki 130 þús. kr. á mánuði. Aukin niðurgreiðsla geti þá ekki orðið hærri en mismunurinn á því mánaðargjaldi sem foreldrar greiddu hjá dagforeldri, að hámarki 130 þús. kr., að frádregnu því mánaðargjaldi sem foreldrar hefðu greitt fyrir viðkomandi barn í leikskóla á sama tímabili. Umsóknarfrestur til að sækja um aukna niðurgreiðslu vegna tímabilsins 1. júlí 2023 til 31. desember 2023 er til 1. júlí 2024.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja tillögur meirihlutans í dagforeldramálum sem hér hafa verið lagðar fram. Á það er minnt að fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ítrekað lagt til að efla og styðja betur við dagforeldrakerfið m.a. á fundum skóla- og frístundaráðs, í borgarráði og borgarstjórn. Meirihlutaflokkarnir hafa á hinn bóginn sýnt andvaraleysi gagnvart uppbyggingu kerfisins, sem endurspeglast m.a. í því að fjöldi dagforeldra var 204 hinn 1. október 2015 á meðan fjöldi dagforeldra



var kominn niður í 74 hinn 1. desember síðastliðinn. Börn í vistun hjá dagforeldrum 1. október 2015 voru 689 en eru vel undir 400 í dag.

Þar sem afgreiðsla tillögunnar er tengd við breytingu á gjaldskrá vegna niðurgreiðslu til dagforeldra og komið hefur í ljós að gjaldskráin getur fyrst farið til samþykktar borgarstjórnar þann 9. janúar 2024 er óskað eftir að borgarráð staðfesti afgreiðslu ráðsins með þeirri breytingu að gildistaka færist til 1. febrúar 2024. Lagt verður til að umrædd gjaldskrá taki gildi frá þeim tíma. Jafnframt að það tímabil sem foreldar barna í daggæslu með lögheimili í Reykjavík sem náð höfðu 18 mánaða aldri þann 1. júlí 2023 geti sótt um aukalega niðurgreiðslu daggæslu lengist til 31. janúar 2024.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 5. desember 2023

Umsögn fjármála- og áhættustýringasviðs, dags. 5. desember 2023



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um tímabundið aukið framlag vegna niðurgreiðslu daggæslu

Lagt er til að foreldrar barna í daggæslu með lögheimili í Reykjavík sem náð höfðu 18 mánaða aldri þann 1. júlí 2023 geti sótt um til skóla- og frístundasviðs á þar til gerðu eyðublaði aukalegrar niðurgreiðslu daggæslu vegna tímabilsins frá 1. júlí til 31. desember 2023.

Skilyrði aukinnar niðurgreiðslu til foreldra vegna daggæslu er að dagforeldri hafi á sama tímabili fengið niðurgreiðslu frá skóla- og frístundasviði vegna barnsins. Leggja þarf fram reikning og greiðslukvittun til dagforeldrisins frá því tímabili sem um ræðir.

Aukin niðurgreiðsla miðar við það mánaðargjald sem foreldrar greiddu til dagforeldris á tímabilinu að frádregnu mánaðargjaldi sem sömu foreldrar hefðu greitt í leikskóla, miðað við sama dvalartíma og sömu afslætti ef það á við. Viðmiðunargjaldið byggir á gjaldskrá leikskóla eins og hún var birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar í sama mánuði. Í tillögum sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2024 er gert ráð fyrir að heildargreiðslu til dagforeldra fyrir börn 18 mánaða og eldri, verði sem samsvarar 190 þús. kr. og er það samanlögð greiðsla foreldra og niðurgreiðsla til dagforeldra frá Reykjavík. Miðað við 15. júní 2023 var gjald foreldra fyrir 8 tíma leikskóladvöl í flokki 1 fyrir hjón og sambúðarfólk 31.157 kr.

Lagt er til að aukin niðurgreiðsla til foreldra verði til samræmis við það að gjald foreldra hjá dagforeldrum hafi verið að hámarki 130 þús. kr. á mánuði. Aukin niðurgreiðsla geti þá ekki orðið hærrí en mismunurinn á því mánaðargjaldi sem foreldrar greiddu hjá dagforeldri, að hámarki 130 þús. kr., að frádregnu því mánaðargjaldi sem foreldrar hefðu greitt fyrir viðkomandi barn í leikskóla á sama tímabili. Umsóknarfrestur til að sækja um aukna niðurgreiðslu vegna tímabilsins 1. júlí 2023 til 31. desember 2023 er til 1. júlí 2024.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 15. júní 2023 voru samþykktar tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Ein af tillögunum sem samþykktar voru í borgarráði kveður á um að gjald dagforeldra vegna barna 18 mánaða og eldri megi aldrei vera hærrí en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar. Gjald foreldra getur þó verið hærrí ef veitt er umframbjónusta sem ekki er innifalin í dvalargjaldi (gjald vegna vistunar og fæðis) vegna vistunarinnar. Hér er átt við umframbjónustu eins og bleyjur og sérfæði.

Ekkert þak verði sett á gjald sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna fyrir börn yngri en 18 mánaða. Þegar barn nær 18 mánaða aldri þá greiða foreldrar til dagforeldris sama gjald og í leikskóla Reykjavíkurborgar. Í tillögunni frá júní 2023 var miðað við 31.157 kr. sem er leikskólagjald fyrir

8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla til dagforeldri hækkar í 158.843 kr. pr. barn. Þetta leiðir til þess að dagforeldrar fá 190 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn með lögheimili í Reykjavík sem er 18 mánaða og eldra sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra.

Fjárhæð niðurgreiðslu, hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda og hámarksgjald foreldra vegna barna 18 mánaða og eldri fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

Gjaldskrá fyrir börn sem eru 18 mánaða og eldri og eru í vistun hjá dagforeldri byggir á því að dagforeldrar fái 190 þús. kr. heildargreiðslu með hverju barni sem er með lögheimili í Reykjavík, miðað við 8 tíma dvalartíma á dag. Heildargreiðslan breytist í samræmi við fjölda dvalartíma. Heildargreiðsla er samanlögð niðurgreiðsla frá Reykjavíkurborg og foreldragjald miðað við gjaldskrá leikskóla hverju sinni. Gjaldskráin fylgir reglubundnum gjaldskrárhækkunum Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsleg áhrif

Fjöldi barna sem urðu 18 mánaða á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2023 eða voru þegar orðin 18 mánaða þann 1. júlí sl., og voru í vistun hjá dagforeldrum má sjá í neðangreindri töflu. Verðskrá dagforeldra er misjöfn og því er miðað við að mánaðargjaldið hjá dagforeldrum sé að hámarki 130 þús. kr.

Ef miðað er við 130 þús. kr. hámarksgjald á mánuði þá má ætla að heildarkostnaður við greiðsluna sé fundin út með eftirfarandi hætti:

Hámarks mánaðargjald – foreldragjald í leikskóla* = mismunur x fjöldi barna 18 mánaða á tímabilinu.

Fjárhagsleg áhrif út frá áðurnefndum forsendum má sjá í neðangreindri töflu. Ætla má að aukin niðurgreiðsla til foreldra fyrir tímabilið 1. júlí – 31. desember 2023 verði 72.849.502 kr.

Mánuður	Fjöldi barna 18 mánaða og eldri	Kostnaður miðað við mánaðargjald 130.000-31.157*=98843	Mánaðarleg aukin niðurgreiðsla
júlí	47	98.846	4.645.762
ágúst	211	98.846	20.856.506
september	155	98.846	15.321.130
október	94	98.846	9.291.524
nóvember	107	98.846	10.576.522
desember	123	98.846	12.158.058
		Heildarfjárhæð	72.849.502

*Hafa ber í huga að þetta gjald miðar við greiðslu fyrir 8 tíma vistun fyrir barn sem á foreldrar sem eru í hjónabandi eða í sambúð. Börn sem falla undir flokk 2 í gjaldskrá fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar og eiga foreldra sem eru einstæðir, öryrkjar, í námi eða starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar, greiða lægra gjald. Ennfremur er gjaldið breytilegt eftir vistunartíma barns.

Þar sem um er að ræða aukna niðurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar foreldra vegna daggæslu er gert ráð fyrir að greiðslan sé ekki skattskyld en þó gerður sá fyrirvari að það er Ríkisskattstjóri sem tekur ákvörðun um skattskyldu.

Lagt er til að umsóknarfrestur til að sækja um aukna niðurgreiðslu fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2023 verði til 1. júlí 2024.

Upplýsingar um framlögð gögn í borgarráði þann 15. júní 2023 [má sjá hér](#). Þar er meðal gagna umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. júní 2023.

Umsögn Fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 5. desember 2024, liggur fyrir og er ekki gert athugasemd við kostnaðarmatið. Bent er á að ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun SFS fyrir árið 2023 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun verði tillagan samþykkt. Því þarf að sækja um viðauka í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 að upphæð 72.849.502 kr. til að fjármagna þessar tillögur.



Umsögn

Viðtakandi: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga um breytingar um tímabundið aukið framlag vegna niðurgreiðslu daggæslu

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundið aukið framlag vegna niðurgreiðslu daggæslu. Lagt er til að foreldrar barna sem náð höfðu 18 mánaða aldri þann 1. júlí 2023 geti sótt um til skóla- og frístundasviðs á þar til gerðu eyðublaði aukalegrar niðurgreiðslu daggæslu vegna tímabilsins 1. júlí til 31. desember 2023. Í tillögum sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2024 er gert ráð fyrir að heildargreiðslu til dagforeldra fyrir börn 18 mánaða og eldri, verði sem samsvarar 190 þús. kr. og er það samanlögð greiðsla foreldra og niðurgreiðsla til dagforeldra frá Reykjavík. Miðað við 15. júní 2023 var gjald foreldra fyrir 8 tíma leikskóladvöl í flokki 1 fyrir hjón og sambúðarfólk 31.157 kr. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat sviðsins uppá 72,9 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið, en bendir á að ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessarar tillögu í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2023. Verði tillagan samþykkt er því mikilvægt að skoða hvort hægt sé að fjármagna hana annað hvort með breyttri forgangsröðun verkefna á skóla- og frístundasviði eða með endurskoðun á öðrum gjaldskrámsviðsins.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*